

SAMÞYKKT

um sorphirðu og meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

1. gr.

Markmið og gildissvið.

Markmið samþykktar þessarar er að draga úr úrgangsmyndun og auka endurvinnslu og endurnýtingu úrgangs. Að minnka kostnað við meðhöndlun úrgangs og að úrgangshafi greiði raunkostnað við meðhöndlun úrgangs. Að koma á jafnvægi milli kostnaðar og tekna sveitarfélagsins vegna meðhöndlunar úrgangs.

Samþykktin gildir um meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. hirðu, söfnun og eyðingu úrgangs sem fellur til í fyrirtækjum, lögbýlum, heimilum, leiguíbúðum, frístundahúsum og á óbyggðum jörðum þar sem úrgangur fellur til, í Skeiða og Gnúpverjahreppi.

2. gr.

Úrgangsskipulag í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Þrjár tunnur verða við hvert heimili í sveitarfélaginu:

1. Tunna fyrir almennan heimilisúrgang.
2. Græn tunna fyrir endurvinnanlegan úrgang.
3. Brún tunna fyrir lífrænan úrgang.

Hægt er að velja um þrjár stærðir íláta fyrir almennan heimilisúrgang, 240 l, 660 l og 1.100 l og fer gjaldskrá eftir stærð íláta.

Garðaúrgang, svo sem gras, afklippur trjáa og annars gróðurs, torf og annan jarðveg, ber íbúum og rekstraraðilum að meðhöndla á upprunastað, jarðgera eða nýta til landgræðslu.

Íbúum og rekstraraðilum ber að koma dýraleifum, þ.e. sláturúrgangi og skrokkum af búpeningi í sérstakan gám sem staðsettur er á gámasvæðum.

Heyrúlluplasti skal safna jafnóðum og það fellur til og ganga frá því eins og söfnunaraðili gerir kröfu um. Söfnunaraðili sækir plastið heim á bæi og skulu söfnunardagar tilgreindir í sorpdagatali sem aðgengilegt er á heimasíðu sveitarfélagsins.

Á gámasvæðum sveitarfélagsins eru ílát undir eftirtalda flokka úrgangs:

1. Endurvinnanlegan úrgang.
2. Almennan úrgang.
3. Brotajárn.
4. Spilliefni.
5. Timbur.
6. Dýraleifar.

Íbúum, rekstraraðilum og öðrum þeim er gámasvæðin nota ber að aðgreina sinn úrgang í framangreinda flokka eftir fremsta megni.

Nánari útfærslu á í hvaða flokk úrgangur á að fara er að finna á upplýsingablaði og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Sveitarfélagið getur ákveðið ítarlegri flokkun ef þörf krefur. Einnig getur sveitarfélagið staðið fyrir sérstöku átaki í hreinsunarmálum og skal skipulag slíks átaks ákveðið hverju sinni eftir því sem þörf er talin á.

Sorphirðudagatal er gefið út í byrjun hvers árs þar sem fram kemur hvenær almennur úrgangur, lífrænn úrgangur, endurvinnanlegur úrgangur og heyrúlluplast er hirt frá heimilum og lögbýlum. Þeir aðilar sem þurfa á meiri þjónustu að halda semja um það við þá þjónustuaðila sem þeir kjósa að versla við og greiða sjálfir fyrir þá þjónustu beint til þjónustuaðila.

3. gr.

Skyldur íbúa og landeigenda.

Allur úrgangur skal færður til meðhöndlunar í söfnunar- eða móttökustöð eftir því sem nánar er kveðið á um í reglugerð eða samþykktum sveitarfélaga. Allur úrgangur skal fá viðeigandi meðferð áður en til förgunar kemur samkvæmt nánari reglum þar um.

Notendum þjónustunnar ber að flokka úrgang og meðhöndla hann eftir þeim reglum sem sveitarfélagið setur um meðhöndlun úrgangs.

Setja skal allan úrgang í viðeigandi ílát að öðrum kosti er sorphirðuverktaka heimilt að skilja hann eftir.

Flokkaður úrgangur skal þannig meðhöndlaður að hann blandist ekki öðrum úrgangsflokkum.

Flokkaðan úrgang skal geyma þannig að gæði hans við væntanlega endurnýtingu skerðist ekki, s.s. vegna vatns eða vinds.

Koma skal í veg fyrir að úrgangur fjúki.

Meðhöndlun á úrgangi má ekki valda lyktaróbægindum, draga til sín meindýr eða valda hreinlætisvandamáli.

Íbúar skulu þrifa soppílát reglulega og halda þeim við.

4. gr.

Eftirlit.

Meðhöndlun úrgangs fer fram undir yfirstjórn sveitarstjórnar og er háð eftirliti heilbrigðisnefndar eða Umhverfisstofnunar eftir því sem við á, í samræmi við 2. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Sveitarfélagið ræður sorphirðuverktaka til að annast hirðu úrgangs og hefur hann eftirlit með verkefninu ásamt sveitarfélaginu og heilbrigðisnefnd Suðurlands.

5. gr.

Gjaldtaka vegna meðhöndlunar úrgangs.

Sveitarstjórn skal innheimta gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í samræmi við ákvæði 11. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal sett og innheimt samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar.

Gjöld í hverjum flokki skulu vera sem næst meðal raun kostnaði við þá þjónustu sem veitt er, en þó aldrei hærrí en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til í sveitarfélaginu við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, lögbýli, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Sveitarstjórn skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda. Í gjaldskránni skal vísa til þessarar samþykktar.

6. gr.

Viðurlög.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og 40. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

7. gr.

Gildistaka.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 3. ml. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sbr. ákvæði 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 32/2007 um meðhöndlun úrgangs í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Umhverfissráðuneytinu, 25. maí 2010.

F. h. r.

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.